




Jónshús frá A-Ö

Útgefandi: Jónshús
Ábyrgðarmaður: Jón Rafns Runólfsson
Útgefið október 2005



Jónshús frá A-Ö

Hvað er Jónshús? Hvar er Jónshús? Hvað er gert í Jónshúsi?

Til að svara þessum spurningum og fjölmörgum öðrum um Jónshús og starfsemina þar settust þær stöllur **Heiðrún Ólafsdóttir** og **Ingibjörg Hrefna Björnsdóttir** niður og settu saman stafróf Jónshúss, þar sem farið er yfir þá miklu starfsemi sem fer fram í húsinu árið um kring.



Heiðrún og Ingibjörg á góðri stundu

AA Ein Al-anon og fjórar AA deildir eru með fasta fundi í húsinu. AA fundir eru á eftirfarandi tímum: mánudögum kl.19.45, miðvikudögum kl. 20.00, föstudögum kl. 19.00 og sunnudögum kl.11.00. Al anon fundir eru á þriðjudögum kl. 20.00

Árlega koma þúsundir gesta í Jónshús. Í dag er húsið rammi um félagsstarfsemi Íslendinga sem búsettir eru á Kaupmannahafnarsvæðinu. Húsið stendur opið félögum og einstaklingum sem auðga vilja félagsstarf Íslendinga í Kaupmannahöfn á einhvern hátt. Áhugasömum er bent á að hafa samband við umsjónarmann hússins í síma: 33137997 eða í tölvupósti á netfangið: jonshus@mail.tele.dk

Jónshús er í eigu Alþingis sem fékk húsið að gjöf frá Carli Sæmundsen stórkaupmanni árið 1967, í minningu Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur konu hans. Stjórn Jónshúss ber ábyrgð á rekstri hússins í umboði forseta Alþingis og forsætisnefndar.



Bókasafn Íslendinga í Kaupmannahöfn er í eigu Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn. Safnið er venjulegt útlánasafn og geta allir Íslendingar fengið aðgang að því gegn hóflegu gjaldi. Afgreiðsla safnsins er ásamt sýningu um Jón Sigurðsson á 3. hæð í Jónshúsi og er opið til útlána á miðvikudögum og á fimmtudögum frá kl. 18.00 til 20.00 og annan laugardag í mánuði kl. 11.00 - 12.30 á tímabilinu frá september til júní. Á bókasafninu eru u.þ.b. 6000 bækur á íslensku, barnabækur, skáldsögur og fræðibækur.

Dagskrá Jónshúss er á slóðinni: www.jonshus.dk. Þar er að finna upplýsingar um fasta liði og upptökur sem boðað er til með skemmri fyrirvara.

Drykkjasjálfsalar eru í kjallara, þar er hægt að kaupa kaffi, kakó og gosdrykki.

Eldri borgarar eiga vísan griðarstað í Jónshúsi í febrúar ár hvert. Íslendingafélagið hefur um árabil haft þann háttinn á að bjóða eldri borgurum til Þorablóts í Jónshúsi daginn eftir Þorablót félagsins. Í nokkur ár hefur verið samvinna milli Íslendingafélagsins, Kórs íslenska safnaðarins og Jónshúss um þennan skemmtilega sið.

Ég fór einn niðr'í Jónshús

Líklega á svotlum blús.

Þá kom hann Haffi,

bauð mér í kaffi

og fékk sér líka í krús.

Félagsheimili er á fyrstu hæð Jónshúss. Í félagsheimilinu eða salnum er pláss fyrir hundrað manns í sæti, og eða stæði. Tækjabúnaður salarins er mjög góður. Þar er að finna skjávarpa tengdan tölvu, hljómflutningstæki einnig tengd tölvu. Þar er nettenging og síðast en ekki síst forlata flygill. Salurinn er notaður undir flesta stærri viðburði í húsinu, eins og bókmenntakvöld, jólamarkað, aðalfundi, konukvöld, nýbúakynningu, kóræfingar, listasýningar og fleiri viðburði.

Samtengt félagsheimili er eldhús þar sem er prýðisastaða fyrir eldamennsku, með stórri eldavél, tveimur ofnum, kaffikönnum og uppþvottavél.


Fræðimenn sem Alþingi hefur úthlutað fræðimannsíbúð í St. Paulsgade hafa aðgang að vinnuherbergi á annarri hæð Jónshúss.

Fundaherbergi eru fjögur í húsinu, opin fyrir fundi af ýmsu tagi. Herbergin geta hýst fundi af mismunandi stærðum. Nettenging fyrir fartölvur eru í setustofu í kjallara, í félagsheimili og fundaherbergjum.


Settu þig í samband við umsjónarmann hússins í síma: 33137997 eða í tölvupósti á netfangið: jonshus@mail.tele.dk ef þú þaft að halda fund í Kaupmannahöfn.

Griðarstaður. Líkur sækir líkan heim, það þekkjum við öll og svo virðist sem hugur okkar allra reiki á einhverjum tímapunkti til Jónshúss. Húsið er samofið hugmyndinni um líf Íslendinga í Kaupmannahöfn. Hér er enginn maður með mönnum nema koma í Jónshús stöku sinnum og meira að segja ferðamenn frá landinu bláa leggja leið sína í húsið þó þeir séu hér einungis í stuttu stoppi.

Erindin eru vitanlega margvísleg enda margt að sækja í húsið. Sumir gestir koma til að nota bókasafnið, aðrir til að fá sér kaffisopa og lesa blöðin, og enn aðrir koma til þess eins að heyra ástkæra ylhýra. Og auðvitað komum við öll stundum til að sýna okkur og sjá aðra. Frá því að Alþingi hóf rekstur félagsheimilis í Jónshúsi árið 1970 og fram til dagsins í dag hefur húsið verið sannkallaður griðarstaður Íslendinga í Höfn.





Hljóðfæraleikarar hafa á síðustu árum fengið að nota húsakynni Jónshúss til æfinga. Í félagsheimilinu á fyrstu hæð hússins er flygill og á annarri hæð og í kjallara eru píanó sem hægt er að fá afnot af. Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari er einn þeirra listamanna sem nýtt sér hafa Jónshús til æfinga. Tinna flutti til Kaupmannahafnar ásamt eiginmanni sínum síðastliðið haust og fór auðvitað strax að leita sér að æfingaaðstöðu. Hún eins og margir Íslendingar í vanda leitaði á náðir Jónshúss, meira svona til að spyrjast fyrir um aðstöðu, en það varð úr að hún fékk að æfa sig í húsinu þegar hún var ekki upptekin við að leggja heiminn að fótum sér í tónleikaferðum. “Þetta gerði mér í rauninni kleift að vera með mannum mínum”. Hún unni sér vel í Jónshúsi, segist aðspurð hafa notið þess að vera umvafin sögunni og fannst andinn í húsinu frábær. “Það var heilmikið líf í húsinu, ég varð þarna vitni að mömmumorgnum og ótal kóræfingum, svo eitthvað sé nefnt”. Tinna sagðist hafa heyrt af húsinu áður en hún flutti til borgarinnar en í raun hafi það komið henni skemmtilega á óvart; andinn, lífið og fólkið. “Þetta var alveg frábært og ég á án efa eftir að koma í húsið áfram eitthvað í vetur þegar ég verð heima í Höfn.”



Tinna Þorsteinsdóttir

Inngangur Jónshúss er frá Østervoldgade 12, en húsið stendur á horni Østervoldgade og Stokhusgade. Hér er kort sem ætti að auðvelda gestum að finna rétta leið í Jónshús.





Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn hefur haft aðsetur í Jónshúsi frá því að húsið var opnað fyrir almenningi árið 1970. Íslendingafélagið sem er elsta og jafnframt fjölmennasta félag Íslendinga í Kaupmannahöfn er í hugum flestra samofið rekstri Jónshúss, enda hefur það haft funda-og vinnuaðstöðu í húsinu allar götur síðan Jónshús var opnað. Aðalfundur Íslendingafélagsins verður haldinn í Jónshúsi fimmtudaginn 13. október. Formaður félagsins er Guðmundur Daníelsson. Símanúmer Íslendingafélagsins er: 33146035

Jólamarkaður í Jónshúsi á vegum ÍFK hefur verið fastur liður í dagskrá hússins mörg undanfarin ár. Í vetur verður markaðurinn haldinn laugardaginn 26. nóvember frá 12-17. Allir eru velkomnir með söluvöru á markaðinn. Bara að bóka tímanlega hjá Íslendingafélaginu í síma: 33146035. Íslenskar vörur vekja alltaf sérstaklega lukku, (bara svona til að hvetja einhvern til að koma inn sælgæti og öðru góðgæti frá Íslandi).

Jólaböll. Íslendingafélagið heldur sitt árlega jólaball á annan dag jóla kl. 14.

Íslenski skólinn og Kirkjuskólinn halda sameiginlegt jólaball í Jónshúsi laugardaginn 3. desember.

Tiltölulega öruggar heimildir eru fyrir því að á jólaböllin mæti hressir jólasveinar alla leið frá Íslandi og vitanlega með eitthvað gott í pokahorninu!


Jógakennsla í Jónshúsi. Í vetur mun Ingibjörg Gunnlaugsdóttir jógakennari standa fyrir jóganámskeiði sem að verður á þriðjudögum kl. 18.30 og fimmtudögum kl. 18.30.

Konukvöld eru haldin í Jónshúsi annan þriðjudag í mánuði frá 11. október og fram í maí. Á konukvöldum er alltaf mikið stuð, því eins og allir vita er það ávísun á frábæra skemmtun að hafa margar konur samankomnar. Ýmsir fyrirlesarar hafa heimsótt konur í Kaupmannahöfn í þau 35 ár sem konukvöld hafa verið haldin, allt frá Anders Lund Madsen til magadansmeyjar. Dagskráin er fjölbreytt og aldrei hægt að segja til um hvað konunum dettur í hug að bralla. Það kostar ekkert að koma á konukvöld, en umsjónarkonur taka á móti frjálsum framlögum fyrir kaffiveitingar! Ábendingar um skemmtilegt fólk, sem hefur frá einhverju að segja eru alltaf vel þegnar segir forystuynja konukvölda, Eva Jørgensen, hægt er að koma ábendingum og spurningum til hennar í síma: 38609218

Kvennakór Kaupmannahafnar hefur haft æfingaaðstöðu í Jónshúsi frá því að hann var stofnaður. Kórin æfir öll mánudagskvöld frá kl. 19.00. Æfingar hefjast í lok ágúst og standa fram á vor. Umsjónarkona og kórstýra er Sigríður Eypórsdóttir, sem er alltaf í stuði. Konurnar í kórnum leggja mikið upp úr dagskrá og lagavali og hafa hlotið mikið hrós fyrir söng sinn á kóramótum víða um Evrópu. Ein helsta fjáröflunarleið Kvennakórsins er kaffisala í Jónshúsi á sunnudögum. Sigríður segir áhugasamar konur alltaf velkomnar að hafa samband við sig í síma: 26290936.

Kór íslenska safnaðarins hefur einnig æfingaaðstöðu í Jónshúsi. Kórfélagar hittast alla jafna einu sinni í viku, á miðvikudögum kl. 18.00. Auk þess að syngja við guðsþjónustur kemur kórin fram við hin ýmsu tækifæri og æfir bæði sálma og sving. Kórstýra er Valgerður Jónsdóttir. Hægt er að fá nánari upplýsingar um kórstarfið á heimasíðu íslenska safnaðsins: www.kirkjan.dk. Áhugasömum er velkomnið að kíkja á æfingar hjá kórnum. Símanúmer Valgerðar er: 60817844

Kórin Staka æfir í Jónshúsi í vetur, kórstýra er Guðný Einarsdóttir æfingar verða á þriðjudögum kl. 18:30



Listaverkasýningar eru í sal Jónshúss á fyrstu hæð. Í tilefni af endurbótum á sal Jónshúss var á vordögum efnt til sýningar á ljósmyndum í eigu Þjóðminjasafns Íslands frá Konungskomunni árið 1907. Þetta var árið sem Friðrik áttundi heimsótti klakann og gerði allt vitlaust. Eftir fróðum mönnum er haft að aldrei hvorki fyrr né síðar hafi Íslendingar staðið að jafnviðamikilli gestamóttöku og sumarið 1907. Meðal annars voru fjögur til fimmhundrað hestar sóttir í átta sýslur, austan úr Skaftafelssýslu og vestur í Dalasýslu, nýr vegur var lagður til Þingvalla, svokallaður Konungsvegur, og kostaði lagning hans 1/3 af fjárlögum íslenska ríkisins árið 1907, tvö hús voru reist á Þingvöllum og saumaðir óteljandi upphlutir á fósturlandsins freyjur. En þetta er nú útdúrr. Þeir sem áhuga hafa á að sýna myndlist sína í Jónshúsi geta gert það endurgjaldslaust. Aðeins þarf að hafa samband við umsjónarmann með góðum fyrirvara og panta salinn.



Frá opnun sýningarinnar: Konungskoman 1907

Morgunblaðið kemur í Jónshús eins örugglega og pósturinn hringir alltaf tvisvar. Blöðin má alltaf finna í blaðastandi í kjallaranum.

Námsmenn eiga athvarf í Jónshúsi, og hafa átt um árabil. Jónshús er nú notað meðal annars til próftöku, tónlistaefinga, íslenskukennslu og svo mætti lengi telja. Nánar er fjallað um ofangreind atriði annarsstaðar í þessum bæklingi.

Opnunartímar eru auglýstir á heimasíðu Jónshúss: www.jonshus.dk Þar fást upplýsingar um fasta dagskrárliði, og aðra liði sem eru skipulagðir með skemmri fyrirvara. Í Hafnarpóstinum blaði Íslendingafélagsins er einnig að finna dagskrá hússins.

Ótakmarkaður aðgangur að Jónshúsi!

Það kostar ekkert að koma í Jónshús og heldur ekki að fá aðstöðu fyrir félagið sitt í húsinu. Í Jónshúsi er pláss fyrir allt. Það eru nú fjöldi félaga og hópa sem hafa þar aðsetur og halda þar uppákomur sínar. Það stendur þó ekki í vegi því að þú getir fengið inni með þínar hugmyndir eða endurvakið gamlar. Mömmumorgnar hafa starfað í húsinu við góðan róm og einnig hefur Leikfélagið Loki æft í húsinu og sýnt. Allt er undir þér komið og það eina sem þú þarft að gera er að setja þig í samband við umsjónarmann hússins í síma: 33137997 eða í tölvupósti á netfangið: jonshus@mail.tele.dk.

Prestur Íslendinga í Danmörku, Séra Þórir Jökull Þorsteinsson hefur aðstöðu í Jónshúsi. Þar tekur hann á móti sóknarbörnum í viðtöl, fræðir fermingabörn og tekur einnig virkan þátt í kirkjuskólanum sem starfar yfir vetrartímann. Í gegnum árin hefur skapast hefð fyrir því að kirkjulegar athafnir, svo sem skírnir og hjónavígslur fari fram í stofu Jóns Sigurðssonar. Fólk ber athöfnunum góðan róm og segir þær vera bæði hátíðlegar og þjóðlegar með eindæmum. Allar frekari upplýsingar um safnaðarstarf í Jónshúsi er að finna á vefslóðinni: www.kirkjan.dk. Séra Þórir Jökull hefur símaviðtalstíma á þriðjudögum og fimmtudögum á milli klukkan 14.00 og 16.00 í síma: 33181050.



Próftaka íslenskra námsmanna í fjarnámi fer fram í Jónshúsi. Hafðu sambandi við þinn skóla eða umsjónarmann Jónshúss í síma: 33137997 ef þig vantar nánari upplýsingar um próftöku.

Reykingar eru leyfðar í kjallara hússins.

Sunnudagskaffi. Flestalla sunnudaga árið um hring eru sjálfboðaliðar með kaffisölu á milli kl.14.00 og 17.00.



Glaðir gestir í sunnudagskaffi

Safnaðarnefnd íslenska safnaðarinnis í Kaupmannahöfn hefur aðstöðu í Jónshúsi og heldur safnaðarfundir sína þar öllu jöfnu annan hvern fimmtudag. Nánari upplýsingar um safnaðarstarfið má finna á slóðinni: www.kirkjan.dk

Sýning um Jón Sigurðsson. Á þriðju hæð er sýning sem fjallar um uppvöxt, ævi og lífsstarf Jóns Sigurðssonar og helstu áfanga í sjálfsstæðisbaráttu Íslendinga að honum gengnum, heimastjórn 1904, fullveldi 1918 og stofnun lýðveldis 1944. Sýningin var aukin og endurbætt árið 2004 þegar 100 ár voru frá því að Ísland fékk heimastjórn og 200 ár voru liðin frá fæðingu Ingibjargar Einarsdóttur, eiginkonu Jóns. Þá var meðal annars opnuð lítill sýning tileinkuð Ingibjörgu í eldhúsi hennar. Opnunartíma er að finna á heimasíðu Jónshúss: www.jonshus.dk, eða í samráði við umsjónarmann í síma: 33137997.



Thor er bókmenntaklúbbur Íslendinga í Kaupmannahöfn, og bókmenntakvöld hafa verið haldin á vegum Thors í Jónshúsi síðan árið 1991.

Aðal Thorsarar í dag eru þau Böðvar Guðmundsson og Erla Sigurðardóttir og þeim til fulltingis er Bergljót Skúladóttir.

Böðvar og Erla eru orðin svo vel kynnt hjá forlögum á Íslandi að keppst er við að senda þeim allar nýjustu bækurnar til upplestrar. Þau eru líka sérlega dugleg að fá skáld og fræðimenn sem staddir eru í Kaupmannahöfn hverju sinni til að koma og lesa upp úr verkum sínum. Bókmenntakvöld eru alla jafna haldin einu sinni í mánuði yfir veturinn, frá fyrsta vetrardegi í október að fyrsta sumardeg í apríl.

Begga Skúla sér um veitingar á kvöldunum. Hún hefur sérstakt lag á pönnukökum með sultu og rjóma og þegar mikið liggur við má finna á boðstólum kleinur og heitar tertur og stundum splæsir hún í steiktan fisk. Úrvalið af veitingum er sem sagt jafn fjölbreytt og óvænt og lesefnið sem boðið er upp á.

Það er alltaf stuð á bókmenntakvöldum, og ef einhver skyldi vera haldin þeim misskilningi að það sé leiðinlegt að sitja undir lestri annarra, þá ætti sá hinn sami að skella sér á bókmenntakvöld í Jónshúsi. Fyrsta bókmenntakvöld vetrarins verður fimmtudaginn 27. október. Nánari upplýsingar er að finna hjá Bergljótu Skúladóttur í síma: 32841842.


Ungbarnatónlist. Í haust verður boðið upp á tónlistarnámskeið fyrir ungabörn og foreldra þeirra í Jónshúsi. Umsjón með námskeiðunum hafa Diljá Sigursveinsdóttir og Valgerður Jónsdóttir. Námskeiðin verða á fimmtudögum milli klukkan 10.30 og 11.30 og hefjast 29. september. Nánari upplýsingar er að fá hjá Valgerði í síma: 60817844.

Umsjónarmaður Jónshúss er Jón Rafns Runólfsson Umsjónarmaður hefur umsjón og eftirlit með viðhaldi og rekstri hússins og fræðimannsíbúðar, raðar niður dagskrá hússins o.s.frv. Skrifstofa umsjónarmanns er á 2. hæð og er síminn: 33137997 og netfangið: jonshus@mail.tele.dk

Útvarp Reykjavík ómar í Jónshúsi alla sunnudaga meðan kaffisala er opin.



Úrvalslið iðnaðamanna vinna að endurbótum í Jónshúsi



Bryndís Flosadóttir

Víst. Annað föstudagskvöld í hverjum mánuði eru haldin spilakvöld í Jónshúsi. Ég hélt að ég myndi í fyrsta lagi fara á spilakvöld eftir að vera búin að vera nokkra mánuði á elliheimili. Svona þegar ég væri búin að prófa bókbandið og bútasauðinn. Ekki það að mér finnst leiðinlegt að spila. Síður en svo, spilakvöld hafa bara fram að þessu verið í huga mér fyrir gamlingja og ekkert spennandi. En nú veit ég betur. Ég er komin á síðasta spilakvöld vetrarins, auðvitað undir því yfirskini að ég ætli að skrifa um það blaðagrein. En ég neita því ekki að ég er ákaflega forvitin og feimin í senn, mér finnst eins og ég eigi alls ekki heima þarna. Ég kem hálf tíma áður en spilamennskan byrjar. Bara gamlingjar, finnst mér. Bryndís Flosadóttir er á þönum ásamt bónda sínum með kaffi og rauðvín og svo eru þau að púkrast með eitthvað inni í eldhúsi. Ég ræðst til atlögu og króa Biddý, eins og hún er kölluð, af inni í eldhúsinu. Kann ekki við að fara strax í að spyrja út í veitingarnar sem standa á yfirfullum bökkum, tilbúnar fyrir spilamenn til að gæða sér á í hléinu.

Ég: Bryndís, af hverju eru spilakvöld í Jónshúsi?

Bryndís: Af því að það er bara svo gaman. Við erum öll Íslendingar og okkur finnst gaman að hitta aðra Íslendinga og þá komum við hingað til að hitta aðra og spila. Þetta er svo gaman.

Ég: Hvað er spilað?

Bryndís: Það er bara spilað upp á gamla mátan, félagsvist. Og það geta allir, ungir sem gamlir spilað með. Sumir kunna ekkert, en við leysum það bara, það læra það allir. Hér eru oft, tíu, ellefu ára gamlir krakkar, með ömmum og öfum eða foreldrum og þetta er mjög gaman.

Ég: Það var einmitt næsta spurning; þarf maður ekki að kunna neitt fyrir sér í spilunum?

Bryndís: Nei

Ég: Fær maður hjálp?

Bryndís: Já, þetta er svo auðvelt og það eru allir tilbúnir að hjálpa.

Ég: En hverjir koma á spilakvöld í Jónshúsi?

Bryndís: Það er alls konar fólk. Bæði námsfólk og gamlingjar sem og annað...svo er það auðvitað vinningurinn yfir veturinn....

Ég: HA, er vinningur?

Bryndís: Jájá, flugmiði fyrir tvo til Íslands!

Ég er strax farin að endurskoða hug minn varðandi

spilakvöld. Félagsvist getur nú ekki verið svo erfið. Og maður getur alltaf nota tvo miða til Íslands.

Ég: Og hvernig vinnur maður þessa miða?

Bryndís: Það eru tekin fjögur síðustu kort.

Ég: Nú svo maður getur ekki bara mætt einu sinni til að vinna?

Bryndís: Nei nei. En maður er ekkert að koma bara til að vinna miða, heldur bara til að hittast. Það hefur svolítið verið þessi ár sem ég hef verið, mikið sama grúbban sem kemur. Kemur alltaf aftur og aftur en það slæðast alltaf nýjir með og þá spyr maður: hvað ert þú að gera og hvaðan ertu? Það er gaman að þessu maður hittir alls konar fólk. Reyndar eru svo stundum verðlaun fyrir bestu konuna og besta karlinn í lok kvöldsins, vínflaska eða nammipoki eða eitthvað. Já og skammaverðlaun auðvitað.

Þó þetta með verðlaunin hafi vakið áhuga minn get ég ekki setið lengur á mér. Ég verð að spyrja um veitingarnar.

Ég: En geriði ekkert annað en að spila líka?

Ekkert svar.

Ég: Borðiði ekki eitthvað?

Ekkert svar

Ég: eða drekkið?

Bryndís: Jú við höfum skipst á að koma með eitthvað með kaffinu í hléinu. Ekki beint kökur, eitthvað svona brauð eða...jú pönnukökur og ýmislegt svona og við höfum skipst á. En í vetur hef ég aðallega verið með þetta, en næsta vetur



Ómar Jósafatsson

ætulum við aftur að skiptst á. Við seljum þetta svo ódýrt og ágóðan yfir veturinn notum við síðasta kvöldið. Þá fá allir frítt. Við erum ekkert að þessu til að hagnast, heldur bara til að koma saman. Umfram allt til að hafa það skemmtilegt og koma saman.

Nú er Bryndís heldur betur farin að ókyrrast og lítur á klukkana. Ég ákveð að sleppa henni og kveð þessa skemmtilegu konu með handabandi.

Frammi í salnum rek ég upp stór augu. Það hefur heldur betur bæst við fólk og ég er ekki lengur yngst. Hópur af blaðskellandi stelpum er að ganga í hús og það virðist vera rétt sem Bryndís segir, hingað er fólk komið til að hafa það skemmtilegt. Áður en ég næ að kynna mig sem virðulegan blaðamann í embættiserindum, fæ ég spurningar um það hvort ég sé komin til að spila, hvað ég heiti og hverra manna ég sé. Það er greinilega vel tekið á móti nýliðum. Ég segist nú samt ekki vera komin til að spila í þetta sinn. Flý svo inní hornherbergið og hitti þar að máli Ómar Jósafatsson.

Ég: Hvað er langt síðan þú fórst að koma á spilakvöldin Ómar?

Ómar: Ég er búinn að koma hérna síðan að vistin byrjaði, ég held að það séu um það bil sex ár.

Ég: Hefurðu einhvertíma unnið miða til Íslands?

Ómar: Já, ég og vinkona mín unnum fyrsta árið, en ekkert síðan þá.

Ég: Og heldurðu ennþá í vonina?

Ómar: Já, núna er ég í öðru sæti svo ég á sjens

núna.

Ég: Ferðu kannski ekkert til Íslands nema vinna miða í vistinni?

Ómar: Jaaaa, ég ætla nú að gefa dóttur minni miðann ef ég vinn í kvöld.

Ég: Tekurðu hana með þér stundum?

Ómar: Nei, hún er ekki ennþá farin að spila vist.

Ég: En það kemur, er það ekki?

Ómar: Jújú

Ég: En ætlaðu að halda áfram að koma?

Ómar: Jájá

Ég: Er þetta fastur punktur hjá þér að koma hérna?

Ómar: Jájá, þetta er voða kósi sko, að koma hérna.

Hitta liðið og svona. Já, ég veit það ekki, þetta er bara voða kósi. Kannski, ja ég hef nú reyndar aldrei farið í saumaklúbb, en ég ímynda mér að þetta sé svolítið svoléiðis. Að hitta þetta gamla lið svona einu sinni í mánuðu, þetta er bara kósi.

Ég: Er þetta í alvöru svona skemmtilegt?

Ómar: Já!


Þar með er Ómar þotinn af stað að spilaborðinu. Ég sit vandræðaleg ein eftir. Veit eiginlega ekket hvað ég á af mér að gera. Vil ekki taka myndir fyrr en allt er komið í "full swing" í spilamennskunni.

Þegar ég kem aftur eftir stutta gönguferð um nágrennið, verður uppi fótur og fit. Það sárvantar konur í spilinn. Tveir eru blindir. Ég brosi og læt sem ég viti hvað það þýðir. Segist bara vera komin aftur til að taka myndir, segi að ég verði að flýta mér heim. Ég er ennþá feimin en mig langar samt að vera með og geri það örugglega næst, stefni á að næla mér í a.m.k. ein skammarverðlaun.



Fyrirhuguð félagsvist í vetur: 30.september, 28.

okóber, 25. nóvember, 27. janúar, 24. febrúar, 24.



mars, 28. apríl og 19. maí.

X – kynslóðin á sér sína fulltrúa í starfi Jónshúss í vetur, eins og 68 kynslóðin, fyrirstriðskynslóðin og 21.aldar kynslóðin. Jónshús er staður kynslóðanna!

Yfirgengilega auðvelt er að komast í Jónshús úr öllum áttum. Lestarstöðvar eru austan og vestan við húsið, Østerport og Nørreport, leið 26 gengur eftir Øster Voldgade og stoppar við Jarðfræðistofnun Háskólans sem er næsta hús vestanmegin við Jónshús og leið 6A stoppar á Sølvgade, við Statens Museum for Kunst. Nánari upplýsingar um ferðir lesta og strætisvagna er að finna hjá: www.hur.dk.

Ýsa er fiskur Íslendinga og heitir Kuller á dönsku. Ýsu er stundum hægt að fá steikta í raspi á Bókmenntakvöldum. Ýsa er best með nýjum kartöflum og bráðnu sméri.

Þar sem Íslendingar koma saman, gæti verið slagorð Jónshúss. En það eru ekki einungis Íslendingar sem koma í Jónshús, bæði Danir og fólk af öðrum uppruna hafa haldið listsýningar, tónleika, fyrirlestra, matarboð og allt mögulegt annað í Jónshúsi. Jónshús er menningarhús í hjarta bæjarins sem tekur á móti öllum þeim sem áhuga hafa á að koma.

Æskulýðurinn á sér sinn griðarstað í Jónshúsi ekki síður en eldri borgarar og annað gott fólk. Öll börn á skólaaldri eru velkomin í Íslenska skólann, sem er alla laugardaga í Jónshúsi. Skólastjóri í vetur eins og síðastliðinn vetur verður María Gísladóttir. Skráningareyðublöð í skólann má nálgast á opnunartíma Jónshúss, eða á heimasíðu Kaupmannahafnar kommúnu: www.kk.dk

Kennt er í tveimur deildum, yngri og eldri deild, miðað er við að börn fædd fyrir 1994 séu í eldri deild og börn fædd 1995 og síðar séu í yngri deild. Yngri deildin er frá kl.9 til 11.30 og sú eldri frá kl.12 til 14.30. Aðspurð segir María að það sé alltaf gaman í skólanum, tíminn þar nýtist ekki aðeins til málfræði og stafsetningaæfinga, heldur ekki síður til þess að hitta önnur börn og leika við þau á íslensku, það er nefnilega alveg bannað að tala dönsku í Íslenska skólanum.

Kirkjuskólinn er alla sunnudaga kl.11 frá 2.október, að undanskildum 16.október og 27.nóvember. Skólastjóri Kirkjuskólans er Erla Guðmundsdóttir.

Barnakórinn verður með æfingar í Jónshúsi í vetur í umsjón Diljár Sigursveinsdóttur og Valgerðar Jónsdóttur. Nánari upplýsingar veitir Valgerður í síma: 60817844.

Fermingarfræðsla fer fram yfir vetrartíman á vegum Séra Þóris Jökuls Þorsteinssonar prests Íslendinga í Danmörku. Fermingarbörn hittast alla jafna einu sinni í viku, klukkutíma í senn og fara í ritninguna. Upplýsingar um skráningu í fermingarfræðslu veitir prestur í síma: 33181050.

Öruggt er að Jónshús mun vera griðarstaður Íslendinga í Kaupmannahöfn um komandi ár. Á þeim þrjátíu og fimm árum sem húsið hefur verið opið fyrir almenningi hefur húsið hýst nánast allt sem snýr að menningarlífi Íslendinga. Þar hafa verið skírnir, fermingar, giftingar, minningarathafnir, karlakvöld og konukvöld, tónleikar, myndlistarsýningar, leiklistaræfingar, galaveislur og drykkjuveislur, íslenskunámskeið og dönskunámskeið, námskeið í skrifum og námsskeið í jóga. Dagskrá Jónshúss hefur tekið nokkrum breytingum í gegnum árin, eins og vænta má, **en rauði þráðurinn í starfsemi hússins er framtakssemi og sköpunargleði notenda þess.** Við minnum því enn og aftur á að það eina sem þú þarft að gera er að koma í Jónshús og nýta þér það sem í boði er, eða koma með hugmyndir að einhverju nýju.



Jónshús Öster Voldgade 12 1350 Kbh.K

Jónshús: www.jonshus.dk

Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn: www.islendingafelagid.dk

Íslenski söfnuðurinn í Kaupmannahöfn: www.kirkjan.dk

Íslenska Sendiráðið í Kaupmannahöfn: www.iceland.org/dk